



Vin, fræðslu og batasetur fyrir fólk
með geðraskanir

Niðurstöður starfshóps

Maí 2021



Forsaga

Rauði krossinn hefur rekið Vin í 28 ár og undanfarinn áratug í samstarfi við Reykjavíkurborg með þjónustusamningi. Með bréfi dags. 12. janúar 2021 tilkynnti stjórn Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu þá ákvörðun sína að draga sig úr rekstri Vinjar á árinu 2021.

Á fundi velferðarráðs þann 20. janúar 2021 var lagt fram erindi Rauða krossins vegna reksturs Vinjar. Velferðarráð lagði fram eftirfarandi bókun:

Velferðarráð þakkar Reykjavíkurbild Rauða krossins kærlega fyrir mikilvægt starf við rekstur Vinjar. Jafnframt er velferðarsviði falið að útfæra tillögur að þjónustu og stuðningi við þann hóp sem sækir Vin daglega í samráði við notendur, hagsmunaaðila og fagfólk





Skipun starfshópur

Starfshópurinn skipar:

- Halldóra Pálsdóttir, forstöðumaður Vinjar
- Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviði sem leiðir hópinn
- Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða
- Þórhildur Guðrún Egilsdóttir deildarstjóri velferðarsviði
- Róbert Lagermann, fulltrúi notanda

Til ráðgjafar:

- Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri velferðarsviði
- Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviði
- Marín Þórsdóttir, forstöðumaður Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.





Verkefni starfshópsins

Greina þarfir þeirra notenda sem sækja Vin daglega með tilliti til þjónustu- og stuðningsþarfa þeirra.

Vinna drög að tillögu að þjónustu og stuðningi við þann hóp sem sækir Vin daglega.

Tryggja samráð og samtal við notendur Vinjar, hagsmunaaðila og fagfólk við mótnun tillögunnar.

Afla upplýsinga um starfsemi Dvalar í Kópavogi, Lækjar í Hafnarfirði og Lautar á Akureyri.

Greina möguleg samlegðaráhrif við aðra skylda starfsemi velferðarsviðs.

Annað það sem hópurinn telur skipta máli.





Samráð

- Gestir Vinjar
- Elsa Kristín Sigurðardóttir, geðhjúkrunarfræðingur
- Margrét Eiríksdóttir, geðhjúkrunarfræðingur
- Jens Ívar Jóhannuson Albertsson forstöðumaður íbúðakjarna á Flókagötu
- Jón Karl Stefánsson forstöðumaður íbúðakjarna að Lindargötu,
- Karvel Aðalsteinn Jónsson deildarstjóri íbúðarkjarna á Skarphéðinsgötu
- Kristján Sigurmundsson forstöðumaður íbúðarkjarna að Lindargötu
- Elín Ebba Ásmundsdóttir, framkvæmdastjóri Hlutverkaseturs
- Grímur Atlason framkvæmdastjóri Geðhjálpar
- Ráðgjafarhópur skv. erindisbréfi.





Starfið í Vin

- Grundvallast á jafningjaviðhorfi, mannúð og mannvirðingu.
- Áhersla á lýðræðislega og fagleg vinnubrögð.
- Einstaklingsmiðuð nálgun í stuðningi við hvern og einn.
- Árið 2020 voru 4548 gestakomur frá 78 einstaklingum.
- Fastagestir telja um 34 einstaklingar, koma 3 – 5 sinnum í viku:
 - 24 karlar og 10 konur
 - Á aldrinum 40 – 70 ára og eldri
 - 16 einstaklingar búa í íbúðakjarna/sértæku húsnæði
 - 10 einstaklingar stunda aðra virkni en í Vin
 - 18 einstaklingar ættu erfitt með að stunda aðra virkni en hjá Vin





Sjónarmið gesta Vinjar

- Gildi Rauða krossins um mannvirðingu, jafningjaviðhorf og mannúð hafa verið ríkjandi í starfinu.
- Óska eftir að starfsemin haldist sem mest óbreytt.
- Hádegismatur, geðklofahópurinn, skáklúbburinn og ferðafélagið mjög mikilvægt.
- Gott að hafa sjálfboðaliða og nema á staðnum.
- Gæti verið gott að fá fjölbreyttari tilboð t.d. söng, listviðburði, kennslu á rafrænar lausnir, tungumálafræðslu.
- Óska eftir aðgengi að félagsráðgjafa.
- Húsnæðið er stundum of lítið.





Sjónarmið annarra gesta

- Þjónusta Vinjar er mjög mikilvæg þeim sem hana sækja reglulega. Ef starfsemi Vinjar verður lögð niður þá yrði það afar slæmt fyrir stóran hóp gesta Vinjar sem hafa ekki fundið sig í öðrum úrræðum.
- Notendalýðræðið er mjög í forgrunni – gestir við stýrið.
- Geðklofahópurinn stuðlar að því að viðhalda bata.
- Starfsemin er ekki barns síns tíma, en alltaf svigrúm fyrir þróun.
- Hádegismatur og samvera er lykilatriði fyrir stóran hóp gesta.
- Áhersla velferðarsviðs á sjálfstæða búsetu einstaklinga ýtir enn frekar undir mikilvægi Vinjar.
- Flott félagsstarf hjá velferðarsviði sem gæti nýst starfsemi Vinjar.





Sjónarmið annarra gesta

- Allar ákvarðanir um Vin verður að taka í samráði við notendur og huga að líðan þeirra og vilja.
- Almennt á að forðast að jaðarsetja hópa fólks og það er í andstöðu við hugmyndafræðilega strauma og stefnur að ýta undir sértæk úrræði.
- Áhersla þarf að vera á almenna samfélagsþátttöku viðkomandi einstaklinga án aðgreiningar.
- Ef gera þarf breytingar, sem stundum er óhjákvæmilegt og jafnvel sársaukafullt, þá þarf að fylgja þeim viðeigandi stuðningur til þeirra einstaklinga sem hagsmuna eiga að gæta.





Önnur geðúrræði

Upplýsingar frá Læk í Hafnarfirði, Laut á Akureyri og Dvöl í Kópavogi:

- Sveitarfélögin reka úrræðin í dag.
- Gestir sátir svo framarlega sem starfsemin breyttist ekki að ráði.
- Innleiðing breytinga þarf að taka mið af viðkvæmum hópi notenda.
- Lækur í Hafnarfirði er kominn í stærra húsnæði og fjölgun hefur orðið á komum gesta frá því sem var.
- Dvöl og Laut eru í sama húsnæði áfram og telja það skipta máli.
- Dýrmætt að auka samvinnu við sveitarfélagið en mikilvægt að starfsemin haldi sérstöðu sinni.





Tvö sjónarmið vegast á

1. Vinna þarf gegn því að ákveðnir hópar séu jaðarsettir eða aðgreindir í samfélaginu og því eigi ekki að draga fólk í dilka með því að búa því sérúrræði.
2. Starfsemi Vinjar hvílir á sterkum gunni og það er ákveðinn kjarnahópur gesta sem hefur ekki getað nýtt sér önnur úrræði samfélagsins. Ef núverandi starfsemi væri hætt yrði mikil hætta á félagslegri einangrun þessa hóps.

Í gildandi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að þjónusta skuli taka mið af þörfum ólíkra hópa og í stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013-2023 er áhersla á jafnan aðgang að þjónustu fyrir fatlað og ófatlað fólk sem og á sjálfstætt líf án aðgreiningar í samfélaginu.





Sviðsmyndir

1. Reykjavíkurborg reki Vin og á sama grunni og félagsstarfið. Samhliða yrði Vin hluti þeirrar endurskoðunar sem fram fer á félagsstarfi velferðarsviðs. Tækifæri til breytinga eru talin felast í slíku samstarfi og því gætu breytingar á Vin gerst innan frá í stað þess að starfsemin í núverandi mynd verði lögð niður.
2. Núverandi starfsemi Vinjar verði lögð niður í lok árs 2021. Á þeim tíma verði unnið á einstaklingsmiðaðan hátt með hverjum og einum einstaklingi sem sækir Vin reglulega og hann aðstoðaður við að finna viðeigandi úrræði. Leitað verði eftir samstarfi við önnur úrræði þar um.





Fjárhagslegar forsendur

Samkvæmt þjónustusamningi um rekstur Vinjar er áætlaður kostnaður við rekstur Vinjar kr. 46 m.kr.

Ef velferðarsvið tekur reksturinn yfir þá rúmast kostnaður innan fjárheimilda.



